MENNING

Dáldið eins og Dís

KVIKMYNDIR

Smárabíó, Regnboginn, Laugarásbíó og Borgarbíó.

DÍS
★★★☆☆

Leikstjórn: Silja Hauksdóttir. Handrit: Birna Anna Björnsdóttir, Oddný Sturludóttir og Silja Hauksdóttir. Aðalhlutverk: Álfrún Örnólfsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Árni Tryggvason, Ylfa Edelstein, Þórunn Erna Clausen og Gunnar Hansson. Leikmynd: Sigríður Guðjónsdóttir. Kvikmyndataka: Jakob Ingimundarson. Búningar: Bergþóra Magnúsdóttir. Klipping: Ásta Briem og Viðar Víkingsson. Hljóðhönnun Kjartan Kjartansson og Ingvar Lundberg Jónsson. Tónlist: Jóhann Jóhannsson. Sögn ehf / Blueeyes Productions, 2004.

„HVER fílar eiginlega þetta helvítis norm?“ eða eitthvað í þá veru segir Blær við Dís vinkonu sína, en sú fyrrnefnda hefur alltaf eitthvert spakmæli á borð við þetta á takteinum þegar Dís tekur að missa sjónar á því sem máli skiptir í lífinu, sem samkvæmt Blævi er það að trúa á sjálfan sig og taka lífið ekki of alvarlega.

Við kynnumst þessari ungu og sjarmerandi sögupersónu, Dís, þegar hún stendur á ákveðnum tímamótum í lífi sínu. Tímamót þessi er ekki hægt að kenna við ákveðinn atburð eða viðburði sem almennt eru taldir marka tímamót í lífi fólks, s.s. giftingar, barnsburðir, útskriftir eða búferlaflutningar, en þetta eru engu að síður tímamót í persónulegri þroskabraut Dísar. Hún er að ganga í gegnum sína fyrstu tilvistarkreppu, þá sem getur skollið dálítið illilega á hjá ungu fólki þegar það í fyrsta sinn horfist í augu við að ekki er endalaus tími til að ákveða hvað maður ætlar að verða þegar maður verður stór. Engin ástæða er þó til að örvænta, Dís er þrátt fyrir allt aðeins 23 ára gömul, og því engan veginn búin að missa af lestinni, þótt margir í kringum hana virðist komnir á hörkusiglingu á hinum ýmsu framtíðarvænu brautum, hvort sem það er námspakkinn, fjölskyldupakkinn, fíla-sig-í-erlendri-stórborg-pakkinn eða skrifstofudragtarpakkinn, og smám saman missir stúlkan fótanna í samanburðinum.

Þetta var kjarninn í samnefndri skáldsögu þeirra Birnu Önnu Björnsdóttur, Oddnýjar Sturludóttur og Silju Hauksdóttur sem sögupersónan Dís er upprunnin úr. Bókin sló eftirminnilega í gegn þegar hún kom út árið 2000, jarðskjálftaárið mikla, en þar tókst samhöfundunum þremur að bregða upp lifandi mynd af veruleika venjulegrar reykvískrar stúlku og rýna um leið í ýmsar venjur og óskrifaðar reglur borgaralegs samfélags og íslensks veruleika á lipran og hnyttinn máta.

Það verður reyndar að viðurkennast að maður þarf dálítið að fylla upp í eyðurnar og lesa samhengi bókarinnar inn í kvikmyndaútgáfuna til þess að hún öðlist nægilega mikla fyllingu. Engu að síður eru helstu kostir Dísarsögunnar á sínum stað í myndinni, þó svo að helst vanti einn þátt, þ.e. það svigrúm sem skáldsagan hafði til þess að undirbyggja persónu Dísar og hennar skemmtilega flókna en um leið hversdagslega hugarheim. Sú persónusköpun var nefnilega límið sem tengdi saman frjálslegt flug söguframvindunnar.

Það er þó margt gott við kvikmyndina, enda úr nógu að moða þar sem Dís og hennar ævintýri eru annars vegar. Hér er t.d. brugðið upp einkar litríkri og lifandi Reykjavíkurmynd, um leið og snúið er dálítið skemmtilega upp á þann „landkynningarflöt“ sem vill loða við ímynd borgarinnar út á við. Myndin hefst með einum af skörpustu femínísku punktunum úr bókinni, þar sem pirrast er út í „Dirty Weekend“-farana sem troðast upp á íslenskt kvenfólk eins og það sé hluti af pakkanum sem þeir telja sig hafa greitt fyrir.



Morgunblaðið/Eggert

„Álfrún Örnólfsdóttir gæðir Dís hins vegar þeim sjarma sem er kannski kjarninn í persónuleika hennar,“ segir í umsögn um kvikmyndina Dís.

Síðan tekur við dálítið brokkgeng en bráðskemmtileg röð „sitúasjóna“, þar sem frábær samtöl og sterkar aukapersónur njóta sín. Hér standa leikarar sig frábærlega, allt frá aðalleikurum til aukaleikara, og styðja vel við persónu Dísar, sem er bæði flöktandi í andlegum og handritslegum skilningi. Álfrún Örnólfsdóttir gæðir Dís hins vegar þeim sjarma sem er kannski kjarninn í persónuleika hennar, og aðrir fylgja fast á hæla hennar, Ilmur Kristjánsdóttir, Gunnar Hansson, Árni Tryggvason og Þórunn Erna Clausen svo nokkrir séu nefndir.

Silja Hauksdóttir er með kvikmyndinni Dís að stíga sín fyrstu spor í leikstjórnarstólnum, og má kannski segja að þar sé hún ennþá að finna sig, en er gædd bæði krafti og innsæi sem getur af sér alls konar skemmtilega hluti. Stundum bregða þau Silja og tökumaðurinn Jakob Ingimundarson upp bráðfallegum atriðum, eins og t.d. þegar Dís situr úti í glugga á Hótel Borg og reynir að gera sjálfa sig upp meðan flugeldar menningarnætur speglast í regnvotri rúðunni.

Jóhann Jóhannsson hefur samið bráðvandaða og einkar Dísarlega tónlist fyrir myndina, en henni er laumað skemmtilega inn í framvinduna, því hún tengir saman og skapar blæbrigði.

Kvikmyndin Dís er eiginlega eins og Dís sjálf, uppfull af góðum hugmyndum en langt frá því að vera á öruggri siglingu.

Heiða Jóhannsdóttir

Ort í grjót og gler

Það er þannig með verk sumra myndlistarmanna að maður gleymir þeim seint eftir að maður hefur séð þau. Þannig líður mér gagnvart verkum Rögnu Róbertsdóttur, en yfirlitssýning á verkum hennar var opnuð á Kjarvalsstöðum í gærkvöldi undir heitinu Kynngikraftur.

Þessi verk Rögnu sem sitja svona sterkt í mér eru þau sem hún hefur unnið á undanförnum áratug eða svo. Þetta eru tvívíð verk – hraunmulningi, glermulningi, skeljamulningi eða sjálflýsandi plastmulningi er varpað í kassalaga formum á vegg. Formið tekur iðulega mið af umhverfinu sem þau eru staðsett í, stærðir og lögun kassanna kveðast á við element í arkitektúrnum, til dæmis glugga, veggi, ljós. Þannig eru verkin fyrir utan salinn á Kjarvalsstöðum í sömu stærð og ljósin í loftinu, og fyrir endum salarins sjálfs eru risastórir flekar sömu stærðar og milliveggirnir þar inni. Flekarnir eru annars vegar þaktir hraunmulningi, hins vegar glermulningi. Hraunverkið leikur sér að áhorfandanum, það er aldrei eins eftir því hvar staðið er og horft á það. Glerverkið glitrar hins vegar eins og fegursti vetrarmorgunn, hvar sem á það er litið.

AF LISTUM
Inga María Leifsdóttir
ingamaria@mbl.is

●●●

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum er einnig að finna eldri og nýrri verk úr smiðju Rögnu Róbertsdóttur, sum hver þrívíð, og afar fróðlegt er að sjá hvernig mínímalisminn og náttúran virðast alltaf hafa fylgt henni á ferlinum, allt frá fyrstu einkasýningunni í Nýlistasafninu árið 1986. Útsagað grágrýti og upprúlluð torf eru meðal þess sem prýðir sýninguna, sem er að sögn listamannsins sjálfs uppbyggð sem ein heild. „Mér finnst frábært hvernig öll þessi verk mín frá þessum langa tíma passa alveg saman í eina sýningu. Það virðist vera eitthvert gegnumgangandi stef í þeim öllum,“ segir Ragna þegar við göngum saman um sýninguna.



Morgunblaðið/Golli

Ragna Róbertsdóttir við verkið sem vakti spurningar hjá leigubílstjóra um eðli listaverka. „Þetta finnst mér einmitt ofsalega skemmtilegt – þegar fólk veit ekki hvort um er að ræða listaverk eða ekki. Ég hrífst af því,“ segir hún.

’Afar fróðlegt er að sjá hvernig mínímalisminn og náttúran virðast alltaf hafa fylgt Rögnu á ferli hennar.‘

Nýjasta verkið á sýningunni er í ganginum á Kjarvalsstöðum. Gegnt glugganum eru 117 kíló af hrauni bakvið tólf tvöföld gler, sem myndar einskonar svarta landslagslínu eftir endilöngum hvítum veggnum.

●●●

Fyrsta verkið sem mætir gestum á sýningunni er kassi af rauðum vikri í stéttinni fyrir framan safnið. Þegar ég bið leigubílstjórann að passa að keyra ekki ofan í mölina, því þarna væri að líkindum um listaverk að ræða, svarar hann því til að hann hafi nú áttað sig á því. En bætir síðan við þegar ég var að stíga út úr bílnum: „Ég veit ekki með þessi nútímalistaverk. Ég get ekki betur séð en þetta sé samskonar möl og ég hef í garðinum mínum heima.“


Ragna brosir við þessa sögu. „Þetta finnst mér einmitt ofsalega skemmtilegt – þegar fólk veit ekki hvort um er að ræða listaverk eða ekki. Ég hrífst af því,“ segir hún.

Að vissu leyti hefur leigubílstjórinn rétt fyrir sér. Hins vegar hafa verkin á sýningu Rögnu allt önnur áhrif en stéttarnar heima hjá manni eða brotið glerglas, í einfaldleika sínum eru þau einfaldlega áhrifamikil.

●●●

Ragna Róbertsdóttir notast oft á tíðum við grjót úr Heklu í verkum sínum. Sýning hennar er þó ekki sú eina sem er opnuð um helgina þar sem Hekla kemur við sögu, því danska listakonan Lone Mertz, sem á heiðurinn af haustsýningu Gallerís Kambs í ár, tekur fjallið einnig fyrir, þar sem Hekla og Himalaja-fjöllin mætast að sögn sem andstæðir pólar á sýningunni.

Innsetningin sem þar er á ferð er byggð á ferð Mertz til Himalajafjallanna með glerkistu í kjölfar dauða eiginmanns hennar. Þar sem glerkistan stóð að lokum á fjallstindinum náði Mertz kaflaskilum í lífi sínu og nýju upphafi. Efalaust er afar forvitnilegt að sjá hvernig hún tvinnar saman erfiða lífsreynslu og listsköpun, og heyra af því söguna hvað fyrir henni vakti og hvernig henni tókst að koma glerkistu í 4.400 metra hæð.



Verðlaunahugmynd að Ormslistaverki

Í TILEFNI af héraðshátíðinni Ormsteiti á Fljótsdalshéraði efndu stjórnendur Ormsteitis og félagið Ormsskrínið til hugmyndasamkeppni meðal ungs fólks (18-30 ára) sem búsett er á Austurlandi um listaverk (skúlptúr) sem hefði Lagarfljótsorminn að viðfangsefni. Hugmyndirnar skyldu taka mið af því að listaverkinu yrði komið fyrir utandyra og að það yrði varanlegt. Menningarráð Austurlands styrkti keppnina.

Þátttaka var ágæt og voru fimm hugmyndir hengdar upp til sýnis á Ormsteiti. Þar gafst gestum og gangandi kostur á að greiða þeirri tillögu atkvæði sem þeim þótti best. Þau atkvæði vógu 50% á móti niðurstöðu þriggja manna dómnefndar sem í áttu sæti: Alma J. Árnadóttir grafískur hönnuður, Ólöf Björk Bragadóttir myndlistarkona og Einar Ólafsson byggingafræðingur.

Úrslit urðu þau að hugmynd Steinrúnar Óttu Stefánsdóttur, 21 árs Egilsstaðabúa, varð hlutskörpust og hlýtur hún að launum 100.000 kr. auk þess sem hún mun njóta brautargengis við að gera listaverkið að veruleika.

Verkið sem hún sendi tillögu um er skúlptúr með notagildi, eins konar Ormsróla fyrir fullorðna og börn.

